



1, 11.

N. STEINGRÍMUR THORLÁKSSON  
KITSTJÓRI.

Okt. 1906.

### Haustið.

„Komið er haust!“

En så munur, sem er á vorinu og haustinu!

Á vorin fer að hlýna og alt að grænka og lifna. Á haustin fer að kólna og alt að fölna og deyja.

Þykir ykkur gaman að haustinu, börn? Eg held það. Þið eruð svo breytingagjörn. Og þið sjáið breytinguna, sem verður á haustinu — marglita möttulinn, sem haustið fer í. Og þið sjáið mörgu blöðin, bleiku, gulu, rauðu, dröfnóttu og flekkóttu, fjúka, fljúga, hoppa og leika sér.

Það er fegurð yfir haustinu — önnur að vísu en vorinu. Og það er fögnuður yfir haustinu — annar að vísu en vorinu. Og það talar öðru máli og flytur annað erindi, aðra lexíu — haustið en vorið.

Það er alvarlegra. Sumir myndu segja: Það er þunglyndi í haustinu. En haustið er ekki þunglynt. Það eru þeir þunglyndu, sem leggja þunglyndi sitt inn í haustið, og gera það svo þunglynt. En þið eruð ekki þunglynd. Og það er engin hætta á því, að þið gerið haustið þunglynt.

En eins og eg sagði er haustið alvarlegra en vorið. Og það flytur alvarlegri lexíu.

Æskan er vorið. Ellin er haustið. Og ellin er alvarlegrí en æskan. En þunglyndi heyrir ekki ellinni til, nema þegar hún er gerð þunglynd.